

Hr. ráðherra Árni Páll Árnason
Efnahags – og viðskiptaráðuneytinu
Skuggasundi 3
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2011

Efni: Rökstutt álit endurskoðendaráðs nr. 1/2010 um niðurfellingu réttinda endurskoðenda skv. 2. tl. 1. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Samkvæmt 7. tl. 1. mgr. 2. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 79/2008, er það skilyrði þess að endurskoðandi öðlist og viðhaldi löggildingu að hann hafi gilda starfsábyrgðartryggingu. Sá sem hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa og fullnægir ekki skilyrðum til að njóta hennar skal í samræmi við 23. gr. laganna án tafar senda tilkynningu um slíkt til endurskoðendaráðs. Samkvæmt 25. gr. laganna falla réttindi endurskoðanda niður samkvæmt ákvörðun ráðherra ef endurskoðandinn fullnægir ekki skilyrðum löggildingar.

Það er Félag löggiltra endurskoðenda sem heldur skrá yfir gildandi starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda í samræmi við 13. gr. laganna. Jafnframt er kveðið á um í 1. tl. 2. mgr. 15. gr. að endurskoðendaráð skuli fylgjast með því að endurskoðendur uppfylli skilyrði til löggildingar.

Í apríl 2011 bárust endurskoðendaráði upplýsingar frá Félagi löggiltra endurskoðenda um þá endurskoðendur er höfðu ekki skilað inn fullnægjandi gögnum um að þeir hefðu ábyrgðartryggingar í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008. Með bréfi dags. 17. ágúst 2011 gaf endurskoðendaráð umræddum endurskoðendum kost á að skila inn fullnægjandi gögnum um ábyrgðartryggingu eða að leggja inn réttindi sín til ráðherra ella, en sæta því ella að ráðið legði til við ráðherra að réttindi þeirra yrðu felld niður í samræmi við 25. gr. laga nr. 79/2008. Endurskoðendaráð tekur fram að ekki hefur tekist að senda einum aðila bréf þar sem heimilisfang hans er ekki þekkt.

Tveir endurskoðendur hafa hvorki lagt inn réttindi sín né skilað fullnægjandi gögnum um ábyrgðartryggingu til endurskoðendaráðs. Endurskoðendaráð hefur leitað upplýsinga hjá tryggingafélögum er selja starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda hér á landi og fengið staðfestingu á því að þeir hafi ekki gilda starfsábyrgðartryggingar hjá þeim. Er það álit ráðins með vísan til þess rökstuðnings er að framan greinir að neðangreindir endurskoðendur uppfylli ekki löggildingarskilyrði með því að þeir hafi eigi lögbundna ábyrgðartryggingu:

A

B

Leggur ráðið því til við ráðherra með vísan til 2. tl. 1. mgr. 25. gr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 að réttindi ofangreindra endurskoðenda verði felld niður.

Endurskoðendaráð

(sign)